

2. gr.

Frá 3. ársfjórðungi 1983 skal húsaleiga samkvæmt samningum þeim, er um ræðir í 1. til 3. málsgr. 1. gr., fylgja hlutfallslegum breytingum meðallauna á næstliðnum þremur mánuðum og breytast ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna júlí, október, janúar og apríl. Hagstofa Íslands tilkynnir opinberlega hver þessi breyting sé hverju sinni.

Frjálst er að ákveða í leigusamningum um íbúðarhúsnæði, gerðum eftir marslok 1983, að leiga skuli fylgja breytingum meðallauna, sbr. fyrri málsgr. þessarar gr.

3. gr.

Húsaleiga fyrir atvinnuhúsnæði, er nú fylgir breytingum sérstakrar vísitölu fyrir það, hækkar frá 1. apríl 1983 um 53,03% samkvæmt henni. Frá 3. ársfjórðungi 1983 og framvegis skal leiga fyrir atvinnuhúsnæði breytast eftir sömu reglum og ákveðnar eru í fyrri málsgr. 2. gr. ef í gildandi samningi er kveðið svo á að hún skuli fylgja vísitölu fyrir atvinnuhúsnæði.

4. gr.

Nú hefur húsaleigusamningur þeirrar tegundar, er um ræðir í 1. og 3. gr., verið gerður í apríl 1983 fram að gildistöku þessara laga og skal þá leiga samkvæmt honum eftir 30. júní 1983 breytast í samræmi við ákvæði fyrri málsgr. 2. gr. meðan hann er í gildi.

5. gr.

Frá og með júní 1983 kemur ársfjórðungsleg tilkynning Hagstofunnar um verðbóta-hækkun húsaleigu samkvæmt 2. gr. í stað vísitölu húsnæðiskostnaðar er skal eigi reiknuð eftir mars 1983.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.